

Núpstún

Jóhann Már Guðmundsson ritaði örnefnaskrá Núpstúns 1986. Brynjólfur Guðmundsson bóndi í Núpstúni, bróðir Jóhanns, las skrána yfir og samdi hluta hennar að nýju í ársbyrjun 1988 og svaraði einnig nokkrum spurningum um örnefnin. Lýsing sú, sem hér fer á eftir, er sett saman úr skráum bræðranna og svörum Brynjólfs. Brynjólfur gerði einnig uppdrátt af landi Núpstúns eftir loftmynd, sem tekin var af Landmælingum Íslands 31. ágúst 1985. Er stuðzt við uppdráttinn við samsetningu lýsingarinnar. Brynjólfur Guðmundsson las yfir uppkast skrárinnar og svaraði enn spurningum um nokkur atriði 1989, og hafa þau svör verið felld inn í textann.

Áður voru til skrá eftir Þorstein Bjarnason frá Háholti, örstuttur nafnalisti eftir Brynjúlf Jónsson frá Minna-Núpi og uppdráttur af Núpstúnslandi eftir Ingimund Einarsson.

Jóhann Már Guðmundsson er f. 3. ágúst 1931 og ólst upp í Núpstúni. Hann er nú búsettur í Reykjavík. Brynjólfur Guðmundsson er fæddur í Núpstúni 10. apríl 1936 og hefur alltaf átt þar heima. Foreldrar þeirra bræðra bjuggu í Núpstúni allan sinn búskap, frá því um 1930 og fram á miðjan sjöunda áratuginn.

Landamerki hafa ekki alltaf verið þau sömu, þar sem lengi voru landamerkjadeilur við nærliggjandi bæi. Nú eru landamerki milli Hrepphóla og Núpstúns frá Gljúfurskrók, um Svarðarlág og fyrir vestan Litla- Grímhól og nokkuð fyrir sunnan Gilið. Stekkjarlækur ræður mörkum milli Núpstúns og Galtafells og Markagil milli Sólheima og Núpstúns að Stóru-Laxá. Hún ræður mörkum að austan.

Heimreiðin að bænum er í miðju túni, og var túnið kallað **Austurtún** (1) og **Vesturtún** (2). Um miðja vegu milli þjóðvegarins og útihúsa, skammt austan við heimreiðina, er ílöng dæld eða laut, sem oft safnast í vatn í leysingum á vetrum og botnfrýs stundum, sem kallast **Dælin** (3). Við austurhorn hennar hækkar túnið nokkuð, og er þar lágur, kollóttur smáhóll. Þar var í minni B.G. kofi, sem kallaður var **Hestarétt** (4), og er þetta nafn á hólnum nú.

Nípan (5), **Núpstúnsnípa** (6), er upp af bænum í austri, og er **Nípukarlinn** (7) fremst í klettunum. Undir kverk hans er smáskúti, svo menn geta setið þar uppréttir. Í þennan skúta er hægt að komast eftir tæpum stíg, og kallast **Nípuhola** (8). **Augað** (9) er

smáhola uppi í miðju þverhníptu berginu, nokkrum metrum vestar en Nípuholan, varla nema 40-50 sentimetrar í þvermál, og ekki dýpri en svo, að hrafn rétt getur setið þar. Austan á **Núpstúnsfjalli** (10), rétt austan við Nípuna, heitir **Siggugil** (11). Ekki er kunnugt um tilefni þess nafns. **Ingunnargil** (12) á uppdrætti I.E. er efalaust sama og Siggugil, en B.G. man ekki eftir, að þessi nöfn væru notuð.

Nípubrekka (13) er örsjaldan notað um brekkuna sunnan undir Nípunni.

Brekkuhorn (14) var haft um syðsta og neðsta hluta brekkunnar undir Nípunni.

Upp af bænum, efst í túninu, er sumarbústaður, kallaður **Bústaðurinn** (15), og örfá skref vestan hans er **Lambhúsið** (16). Árefti var tekið af því sumarið 1986. Fyrir ofan Bústaðinn var leið inn með fjallinu að vestan.

Fast vestan við Lambhúsið kemur **Lambalækurinn** (17) ofan úr **Gjóstu** (18) og hverfur í túnið. Gjóstan er dalskora vestan við aðalfjallið, 300-400 m löng, með mýrarsvakka í botninum og djúauppgangi. Ef blæs á norðan, myndast strengur þarna niður. Oft er vindstrengur fremst í Gjóstu og nærri sama, úr hvaða átt blæs, segir B.G. Ef nokkurs staðar á fjallinu er rok, er það þarna, suður úr Gjóstu.

Vestan við Gjóstuna skagar fram sléttur, mosavaxinn smáás með klettaklungri að framan. Það er **Austurás** (19). Svo sem 100 m vestar er annar ás, svipaður, en með mun meira klettapili að framan, og eru þar grágrýtisstuðlar á köflum. Heitir hann **Vesturás** (20). Frá bænum séð er hánorður fremst á Vesturás. Milli ásanna, þar sem þeir skaga fram, er hvílt í brekkunni og kallast **Laut** (21).

Túnið niður af Vesturás kallast **Sandvöllur** (22). Eru þar fjárhús. Voru þar áður tveir nátthagar, **Litli-Nátthagi** (23) og **Stóri-Nátthagi** (24). Þar um lá **Gamli vegurinn** (25). Hans sáust glögg merki um 1950. J.M.G. man eftir, að bílar fóru þennan veg. Vegurinn lá smáspöl fyrir ofan þjóðveginn, eins og hann er nú, og fyrir neðan túnið, eins og það var þá, og svo upp við fjallið og inn með því. Gamli vegurinn lá inn með vesturhlíð fjallsins, "inn með **Öxlinni** (26)", þangað sem nú er býlið **Smárahlíð** (27).

Stekkjarlækur (28) rennur á landamerkjum Núpstúns og Galtafells, og eftir að hann er komin niður fyrir **Stekkjargil** (29), heita bakkarnir **StekkjARBakki** (30). Fyrir neðan þjóðveginn, því sem næst norðan við Móann (sbr. uppdrátt), heita **Puntrófur** (31). Hins vegar var sagt "vestur í Puntrófum", en sú málvenja miðaðist auðvitað við bæinn. Efsti hluti StekkjARBakkans, þar sem Smárahlíð er nú, hét **Efri- StekkjARBakki** (32). Þaðan liggur gata upp á fjallið, skáhallt upp bratta brekkuna, **Kúagatan** (33), og upp á **StekkjARnefið** (34), sem er fremsta klettaneifið austan við Stekkjargilið.

Þar ofan við er vallendisflöt, sem hallar mót vestri, **Neðri-Lambadalur** (35). Upp af Neðri-Lambadal og inn af Gjóstunni er **Lambadalur** (36). Hann er vallendisflöt með litlum halla mót norðvestri. Smálækur hefur brotið allbreitt skarð og nokkuð djúpt innan til, vestast í honum, og er nú á allra síðustu árum - þremur til fjórum - að gera alldjúpt jarðfall niður Neðri-Lambadalinn.

Ef farið er alldrjúga leið inn með Stekkjargilinu, er komið í **Seldal** (37), og í honum miðjum er **Seldalstjörn** (38). Ekki er kunnugt um seltóftir. Nafnið **Seldalsbrekka** (39) á uppdrætti I.E. er B.G. óþekkt.

Suður úr Seldal er þröngt skarð, **Grensgróf** (40), og nær fram að Stekkatúnslæk (sjá síðar). Grensgróf er einnig nefnd **Seldalsgróf** (41) í skrá Þ.B., en það var aldrei notað að sögn B.G. Í Seldal eru vatnaskil, rennur Stekkjarlækurinn fram úr (í suðvestur), en **Markagil** (42) inn úr (austnorðaustur).

Vegur liggur austur úr túninu, nokkuð fyrir neðan fjallið. Þetta er upphaflega gata eftir búfé og vegur að Sólheimum, sem var ruddur vagnvegur og liggur inn með öllu fjallinu að austan. Um tíma var malarnáma í Ingunnarhól, og var þá lagður bílvegur.

Ef farið er "inn í fjall að austan", eins og sagt er, er fyrst austan við túnið allhár hóll úr gráleitum líparítflögum, og heitir **Ingunnarhóll** (43). Ókunnugt er um tilefni nafnsins. Við vesturhorn hans er uppspretta, og rennur þaðan lækur fram í mýrina, en var áður veitt heim og var þá **Bæjarlækur** (44). Uppsprettan er kölluð **Lind** (45) (að fara "austur í Lind"). Vatn er nú tekið í þessari uppsprettu fyrir alla bæina í Hrepphólum.

Stöðulmýri (46) á uppdrætti I.E. þekkir B.G. ekki, en augljóslega er hún mýrin framan (suðvestan) við Ingunnarhól. Um fráfarur er ekkert vitað, en **Stöðull** (47) virðist hafa verið austan við túnið, sem nú er, sbr. Stöðulmýri. Man B.G. eftir leifum af hlaðinni rétt eða smágerði þar á harðlendisbalanum. Brekkuhorn (13) er þar upp af. Jón Sigurðsson í Hrepphólum staðfestir það, sem B.G. segir um Stöðulmýri.

Lítil girðing fyrir hesta var innan túns, austast við hliðið, og var kallað "hornið", en tæplega er hægt að telja það örnefni. Stærri hrossagirðing var svo; var girt yfir Ingunnarhól og fyrir austan vagnveginn og svo niður að Stóru-Laxá við Torfdal. Lækur kemur upp í girðingunni fram undan Stekkjartúni og rennur niður í mýrina fyrir neðan, var kallaður **Lækurinn í mýrinni** (48).

Aðeins austan við Ingunnarhól er annar malarhóll eða holt, **Dagmálaás** (49). Nafnið Dagmálaás bendir eindregið til, að það hafi verið eyktamark, enda í austurátt frá bænum. Um fleiri eyktamörk veit B.G. ekki. Klettaneft með sama nafni er við Stekkjargil, Galtafells megin. Er það í svipaðri stefnu frá bænum þar. Um háásinn er markagirðing milli

Núpstúns og Hrepphóla. Inn af Ingunnarhól taka við **Þrönghólar** (50). **Þrengsli** (51) var stundum haft um skarðið milli Þrönghólanna og Ingunnarhóls, en síðan hefur nafn hólanna færzt yfir á skarðið.

Ef farinn er gamli Sólheimavegurinn inn úr, er **Stekkatúnið** (52) á vinstri hönd innan Þrönghóla. Þar eru fjárhústættur, og sér móta fyrir, að þar hefur verið hlaðin rétt. Aðeins framar er skarð í klettavegg fjallsins, svo sem 50 m breitt, nokkuð skriðurunnið innan til, og kallast **Skriðan** (53). Þetta er líklega það, sem áður hefur verið kallað **Eystri-Snið** (54). Nafnið Eystri-Snið er óþekkt, en eftir skrá Þ.B. er það mjög trúlega skarðið framan við Stekkatúnið. Þetta orð (snið) hefur þá trúlega verið haft um staði, þar sem vik var í klettabelti fjallsins og hægt var að komast um.

Innan Stekkatúns kemur **Stekkatúnslækurinn** (55) ofan úr urðinni og hverfur niður í **Stekkatúnsflötina** (56). Suðurendi Grensgrófar er innan við Stekkatúnslækinn efst.

Austan við Grensgrófina er **Grensás** (57), alla leið inn að Markagili. J.M.G. kveðst ekki muna eftir, að gren fyndist þarna.

Frá Stekkatúnsflöt hallar götunni nokkuð inn úr, og fast austan við hana, 300-400 m innar, er smáhóll, gróinn að mestu, **Sultarhóll** (58) (**Sultarholt** (59) á uppdrætti I.E.). Ókunnugt er um tilefni nafnsins. **Sultarhólsflöt** (60) (**Sultarholtsflöt** (61) I.E.) hlýtur að vera slétt smábrekka suðvestan við hólinn (B.G.). Enn hallar götunni smáspöl inn að stökum steini eða smákletti, sem fallið hefur úr fjallinu. Er það **Stóristeinn** (62).

Strax innan hans rís landið þó nokkuð á móti, og er komið upp á sléttan hjalla, votlendan, síðan eins og 100 m langan þurrlendisþröskuld aðeins hærrí, og opnast af honum útsýn inn úr til Sólheima. Þar er **Þorsteinsleiti** (63). Ekki er vitað um tilefni nafnsins. Þar á móts við eru fjárhústættur efst við klettabeltið í Grensásnum og kallast **Grensástættur** (64).

Er þá næst farið niður allbratta götu, 60-80 m langa, og komið á valllendisflöt, sem hallar mót norðaustri, **Markaflöt** (65). Fast innan hennar rennur Markagilið og á stutt ófarið í **Stóru-Laxá** (66). Eru þar **Mörkin** (67), og þar innan við tekur við Sólheimaland.

Ef nú verið er við Stekkatúnið og litið til hægri handar, þegar inn úr er farið, er þar **Stekkatúnsmóinn** (68), síðan **Fláarnir** (69), nokkuð inn fyrir Stekkatúnsflötina.

Þar fyrir neðan kemur **Djúpagil** (70) upp frá ánni. Það er með snarbröttum moldar- og leirhlíðum, alldjúpt, en tæplega nema um 100 m langt. Fremst í því má finna gráan tálgestein.

Torfdalsholt (71) er algróið, en með miklu rofsári á austurhlið. Það liggur inn með ánni frá mynni Djúpagils, en samhliða holtinu að vestan er annað gil, mun meira um sig og lengra, með grónum hlíðum, nema í gilbotninn, sem er allhátt, þverhnipt moldar- og

leirstál, sem vatn seytlar um. Þetta er **Torfdalsgil** (72), og um miðju þess slær það sér nokkuð út til vesturs í skálarlaga smádal með skáhallu upp í mýrina ofan við. Er þar mýrlendur botninn.

Innan við, þar sem lækirnir úr giljunum sameinast og renna í ána, er dálítill harðvallarflöt, kringum 100 m löng og 20-40 m breið. Var hún kölluð **Flötin niður við á** (73), og þó oftast aðeins "**Niður við á**" (74) (t.d.: "Ég fann enga kind í fjallinu nema tvö lömb "niður við á"). Er þarna vað á ánni, **Torfdalsvað** (75), og hylurinn **Sveinsker** (76) þar neðan við, undir kletti austan megin árinna. Nokkru fyrir framan Sveinsker beygir áin og rennur í suðsuðaustur og myndar krappt horn. Hún beygir aftur suður, og hylur þar fyrir neðan heitir Kálfhagi og tilheyrir Hrepphólum. Þarna heitir **Gljúfurskrókur** (77), en skiptar skoðanir voru um, hvort nafnið ætti aðeins við krappa hornið eða alla beygjuna.

Slægjur voru nýttar í Torfdalsgilinu, og man B.G. vel eftir því og stóð þar við slátt. Finnst honum, að einkum í því sambandi hafi jöfnum höndum verið notuð nöfnin **Torfdalur** (78) og Torfdalsgil (t.d.: Það er komin ágætis slægja í Torfdalnum). Í skrá J.M.G. segir, að Torfdalur sé fremst í gilinu, og er það ekki fjarri skoðun B.G., þó að sennilegra þyki honum, að átt sé við útsláttinn um mitt gilið. Þar er sléttlent deigland, en einmitt á slíku landi var torf rist. Þetta verður þó aldrei nema ágizkun ein, segir B.G. Hitt er annað, að það, sem segir um dalinn í skrá Þorsteins Bjarnasonar, að torvelt sé að komast niður í hann með hesta, er fjarri lagi. Þegar farið er niður að ánni, er auðveld leið niður af götunni innan við Fláana og niður í Torfdalsgilið móts við botn Djúpagils og sniðskorin brekkan á góðri götu niður á flötina. Með heybandslest mátti einnig fara nánast hvar sem var upp vesturhlíðina. Einnig er mjög auðveld leið og greið þarna niður, hvort heldur er farið fram með ánni, sunnan Djúpagils, eða inn úr, upp á Torfdalsholtið (B.G.). **Torfdalsmýri** (79) er á milli Torfdalsholts og Grensáss.

Framarlega á Torfdalsholti er strýtulaga klettur við ána, og er **Þórunnarauga** (80) samheiti á honum og hyl neðan undir. Annar klettur svipaður er um 300-400 m norðar og einnig hylur undir honum. Bera þeir nafnið **Stapi** (81) Ekki minnst B.G. að hafa heyrt Stapa nefndan **Arnarstapa** (82) (I.E.). Svipuðum spöl innar er enn einn kletturinn, sýnu minnstur, og stendur lægra og heitir **Lambaklettur** (83). Nöfnin **Fjárskjólsklettur** (84) eða **Kindabólsklettur** (85) eru í skrá Þ.B. Það eru nú ókunn nöfn, en eru vafalítið sami klettur og Lambaklettur að sögn B.G. Miðja vegu milli Þórunnarauga og Stapa er hylur við austurland árinna, **Gagnslaus** (86). Gagnslaus mun oft hafa verið góður veiðistaður, en nú hefur áin á síðustu árum breytt um farveg, og er þessi hylur varla nema pollur nú um sinn. Þetta gæti þó breytzt snarlega, hvenær sem er.

Torfdalsholt nær inn á móts við Stapann, en annað holt aðeins vestar skagar lítillaga fram með því og heitir **Kvaltjarnarholt** (87). Við suðurhorn þess er dálítill tjörn, **Kvalatjörn** (88). B.G. er ókunnugt um tilefni þess nafns. Fremst á holtinu er kúlulaga, stakur steinn, um mannhæð, og kallast **Einbúi** (89). Kvaltjarnarholtið nær inn á móts við Þorsteinsleitið. Austan í því innst er sléttlend, allbrött og gróin brekka, sem nær niður undir Lambaklettinn, og heitir þar **Kindaból** (90). Þá er skammt inn í Mörkin.

Þá er að geta háfjallsins. Efst uppi á því hreykir **Kistan** (91) sér, með klettabelti um sig alla, þó hægt sé að komast þar um á þremur eða fjórum stöðum. Suður af Kistu er aflangur ás, gróinn að mestu, en að austan með smásteinóttri skriðu, og heitir hann **Reyrhóll** (92) (B.G.). Fyrir um það bil 30-35 árum sagði Brynjólfi gamall maður, sem hét Þórður Stefánsson og var hér uppallinn, en bjó lengi á Suðureyri við Súgandafjörð, hvað þessi hóll hét. Hafði Brynjólfur ekki heyrt það fyrr og vissi ekki um, fyrr en síðar, að hann sá upprátt I.E. Hefur því nafnið verið kunnugt. Hefur hann síðan notað þetta örnefni. Þessi ás er nefndur **Litla-Kista** (93) eða **Fremri-Kista** (94) í skrá J.M.G.

Þá er eftir sá hluti Núpstúnslands, sem er fyrir neðan þjóðveg, og er sá hluti lýsingarinnar tekinn úr skrá J.M.G., en hliðsjón höfð af upprætti B.G.

Fyrir neðan túnið er **Mói** (95), og brúnin fremst, þar sem honum fer að halla niður að mýrinni, er kölluð **Móabrún** (96). Þar sem þjóðvegurinn liggur, er þurrhent og heitir **Svarðarlág** (97). Það er lítil vallendisflöt fyrir neðan veginn, niður að mýrinni. Dý er fyrir neðan Móann og heitir **Stóradý** (98). Torfrista var í mýrinni fyrir neðan Stóradý; þar var skorið heytorf.

Efsti hluti mýrarinnar var mjög blautur, áður en ræst var fram, og þar heita **Krókar** (99). Var þarna heldur illt yfirferðar á hesti. Krókar heita frá Stóradýi og suður undir Hrepphólamá, en eru nú að mestu í Hrepphólalandi.

Tveir hólar eru í mýrinni, Litli-Grímhóll og **Stóri-Grímhóll** (100) (Eystri-Grímhóll og **Vestri-Grímhóll** (101) á upprætti B.G.). Stóri-Grímhóll er lægri, en stærri um sig en hinn, er eins og holt. Litli-Grímhóll er eins og strýta. Áður var Litli-Grímhóll í landi Núpstúns og Stóri-Grímhóll í landi Hrepphóla, en við ný landamerki færðist þetta til. Engar sagnir hefur B.G. heyrt um tilefni Grímhóls-nafnsins.

Norðan við Stóra-Grímhól fer mýrinni að halla til suðvesturs og heitir **Brún** (102). Þar fyrir neðan er afar grasgefið landsvæði, milli mýrar og vallendis. Þetta land var áður í landi Hrepphóla, en eftir að ný landamerki voru sett, er það í landi Núpstúns. Það heitir **Surtsteigur** (103). Eftir að Núpstún eignaðist Surtsteig, er land jarðarinnar í einu lagi.

Gil er í mýrinni, afar djúpt, og heldur jarðfallið áfram, margir hvammar mismunandi grónir. Gilið er kallað **Miðfellsgil** (104), og eiga margar jarðir engjateig við það og er stórpýft vallendi. Var það kallað **Pýfið** (105) (**Gilstykkið** (106) á uppdrætti B.G.) og kennt við hvern bæ, og svæði Núpstúns því **Núpstúnsþýfi** (107). Einn hvammur við **Gilið** (108) heitir **Blautihvammur** (109), afar votlendur, en grasgefinn. Austan (sunnan) við Blautahvamm er hvammur, sem B.G. hefur heyrt kallaðan **Majuhvamm** (110), og telur hann það sennilega sama hvamm og nefndur er **Meyjarhvammur** (111) í skrá Þ.B. Annar heitir **Purrihvammur** (112), og er hann fyrir ofan Gilið (á móts við Blautahvamm), og var farið eftir honum, þegar farið var með hesta yfir Gilið. Botn Gilsins er enn í landi Núpstúns. Vatn hefur grafið sig niður og myndað Gilið. Gilið nær alveg út að Langholtsfjalli og er gróið, nema efsti hlutinn, hann er ógróinn, og heldur þar alltaf áfram að brjóta. Talsvert vatn er í Gilinu, en vatnsmagnið fer eftir veðurfari. Stekkjarlækur rennur í Gilið. (Gilið var einnig notað sem heiti á Þýfinu, segir J.M.G.). **Hólagil** (113) í skrá Þ.B. er varla annað en Miðfellsgil (B.G.).

Á uppdrætti I.E. og í skrá Þ.B. eru nokkur nöfn, sem ekki hafa komið fram í skránni og þekkjast ekki nú: **Snið** (114) man B.G. ekki eftir að hafa heyrt notað. Er af skránum nokkuð ljóst, að þau hafa verið hjalli, sem er uppi á smáklettabelti ofan Bústaðarins, eða þó eins sennilega stuttur kafli þar upp af nyrzt á Nípunni, sem er klettalaus. Er þar fært mönnum og skepnum. **Gamla-Stekkatún** (115) (ofan Stekkjarbakka) og **Brekkur** (116) (austan í fjallinu) man B.G. ekki eftir, að væru notuð. Nöfnin **Stekkatúnsbarð** (117) og **Stekkatúnsholt** (118) eru ekki notuð nú. **Brekkuvað** (119) á Stóru-Laxá þekkir B.G. ekki.

Stekkarflöt (120) austast í túni, **Ásbrekka** (121) vestan við tún og **Krummaból** (122) hæst uppi í Nípunni eru óþekkt nú. Þessi þrjú nöfn eru öll í skrá Þ.B. Segir þar, að Krummaból sé lítill skúti, sem ekki sjáist af jafnsléttu og engum sé fært í að komast. Segir, að skútinn beri þetta nafn af því, að í honum verpi hrafn.

Um mótak er B.G. ókunnugt, og engin ummerki sjást um það. Torf var rist í Krókunum og einnig í mýri vestan Sandvallar. Man B.G. eftir heytorgi (sett ofan á útihey); einnig var það notað í veggjahleðslu, haft á þök og sett í fjósbása. Sjálfur kveðst hann hafa rist torf, þótt í smáum stíl væri.

Í skrá Brynjúlfs Jónssonar eru nöfnin **Torfholt** (123), **Grófin** (124) og **Flatirnar** (125), sem ekki koma fyrir annars staðar. B.G. þekkir þau ekki, og Jón Sigurðsson í Hrepphólum veit heldur ekki um þau. B.G. hefur reynt að gizka á, hvar Torfholt og Grófin gætu verið: "Ef maður gefur sér, að það [Torfholt] hafi verið í námunda við hin Torf-nöfnin, -holt, -mýri, -gil, þá hafa allar mishæðir í landslaginu þar í kring sín nöfn. Þó er eitt smáholt

eða ílangur hóll við ána, á móti Sveinskeri, framan Djúpagils, sem er nafnlaus. Þar gæti Torfholt svo sem alveg legið í gleysku.

Úr dýjum í mýrinni vestan Sandvallarins rennur lækur til suðurs og hverfur í jörð neðan móans. Hefur hann brotið þó nokkuð breitt (30-40 m) skarð eða jarðfall fram úr móanum. Liggur vegurinn nú rétt efst yfir það á uppfyllingu. Það er hreín ágizkun hjá mér, að þarna gæti Grófin einna helst hafa verið. Sýnist mér reyndar, að varla sé um aðra staði að ræða. Þetta er eini lækurinn, sem ekki kemur annars staðar fyrir í örnefni, og er þó við túnfótinn. Um Flatirnar þori ég ekkert að segja, enda allt orðið svo "flatt" hið næsta bæ fyrir löngu, að erfitt er að gizka á slíkt örnefni." (B.G. hefur sett nöfnin Torfholt og Grófin samkvæmt þessum staðsetningum inn á hluta á korti því, sem hann gerði.)

Álagabletti heyrði B.G. aldrei talað um.

Örnefnastofnun, 20. des. 1989

Jónína Hafsteinsdóttir

Stafrófsskrá örnefna

Arnarstapi 82=81?	Kúagata 33
Ásbrekka 121	Kvalatjörn 88
Augað 9	Kvaltjarnarholt 87
Austurás 19	Lambadalur 36
Austurtún 1	Lambadalur, Neðri- 35
Blautihvammur 109	Lambaklettur 83=84,85
Brekkuhorn 14	Lambalækur 17
Brekkur 116	Lambhúsið 16
Brekkuvað 119	Laut 21
Brún 102	Laxá, Stóra- 66
Bústaðurinn 15	Lind 45
Bæjarlækur 44	Litla-Kista 93=92,94
Dagmálaás 49	Litli-Nátthagi 23
Djúpagil 70	Lækurinn í mýrinni 48
Dælin 3	Majuhvammur 110=111
Efri-Stekkjاربakki 32	Markaflöt 65
Einbúi 89	Markagil 42
Eystri-Snið 54=53	Meyjarhvammur 111=110
Fjárskjólasklettur 84=83,85	Miðfellsgil 104=108,113
Fláar 69	Móabrún 96
Flatir(nar) 125	Mói 95
Flötin niður við á 73=74	Mörkin 67
Fremri-Kista 94=92,93	Nátthagi, Litli- 23
Gagnslaus 86	Nátthagi, Stóri- 24
Gamla-Stekkatún 115	Neðri-Lambadalur 35
Gamli vegurinn 25	Niður við á 74=73
Gilið 108=104,113	Nípa 5=6
Gilstykkið 106=105	Nípubrekka 13
Gjósta 18	Nípuhola 8
Gljúfurskrókur 77	Nípukarlinn 7
Grensás 57	Núpstúnsfjall 10
Grensástættur 64	Núpstúnsnípa 6=5
Grensgróf 40=41	Núpstúnsþýfi 107
Grímhóll, Stóri- 100=101	Puntrófur 31
Grímhóll, Vestri- 101=100	Reyrhóll 92=93,94
Gróf(in) 124	Sandvöllur 22
Hestarétt 4	Seldalsbrekka 39
Hólagil 113=104,108	Seldalsgróf 41=40
Ingunnargil 12=11	Seldalstjörn 38
Ingunnarhóll 43	Seldalur 37
Kindaból 90	Siggugil 11=12
Kindabólasklettur 85=83,84	Skriðan 53=54
Kista 91	Smárahlið 27
Kista, Fremri- 94=92,93	Snið 114
Kista, Litla- 93=92,94	Snið, Eystri- 54=53
Krókar 99	Stapi 81=82?
Krummaból 122	Stekkatún 52

Stekkatún, Gamla- 115
Stekkatúnsbarð 117
Stekkatúnsflöt 56
Stekkatúnsholt 118
Stekkatúnlækur 55
Stekkatúnsmói 68
Stekkjarkakki 30
Stekkjarkakki, Efri- 32
Stekkjarkflöt 120
Stekkjargil 29
Stekkjarklækur 28
Stekkjarnef 34
Stóradý 98
Stóra-Laxá 66
Stóri-Grímhóll 100=101
Stóri-Nátthagi 24
Stóristeinn 62
Stöðull 47
Stöðulmýri 46
Sultarhóll 58=59
Sultarhólsflöt 60=61
Sultarholt 59=58
Sultarholtsflöt 61=60
Surtsteigur 103
Svarðarlág 97
Sveinsker 76
Torfdalsgil 72
Torfdalsholt 71
Torfdalsmýri 79
Torfdalsvað 75
Torfdalur 78
Torfholt 123
Vestri-Grímhóll 101=100
Vesturás 20
Vesturtún 2
Þorsteinsleiti 63
Þórunnarauga 80
Þrengsli 51
Þrönghólar 50
Þurrihvammur 112
Þýfið 105=106
Öxl 26